

Áhersluatriði Dómaranefndar KSÍ 2018

Inngangur

Áhersluatriði Dómaranefndar KSÍ 2018 byggja á knattspyrnulögunum og nýjustu breytingum sem Alþjóðanefndin (IFAB) hefur gert á lögnum og fyrirmælum um túlkun þeirra.

Dómaranefnd KSÍ gerir sér grein fyrir, og sættir sig við, þá óvæfengjanlegu staðreynd að allir dómara geri mistök í störfum sínum, rétt eins og leikmennirnir og þjálfararnir. Nefndin getur hins vegar ekki sætt sig við það að dómara fari ekki eftir þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem þeim ber að fylgja. *"Ekki reyna að verða vinsæll dómari - því þegar öllu er á botninn hvolft eru bestu dómara ávallt þeir sem hafa hugrekki til þess að taka erfiðar (óvinsælar) ákvarðanir þegar þörf krefur"* (Vlado Sajin, Dómaranefnd UEFA).

Þess er krafist að dómara í Pepsi-deildinni og öðrum leikjum Íslandsmótsins í knattspyrnu kunni skil á eftirfarandi:

- **Knattspyrnulögunum 2017/18 (og breytingum á þeim 2018/19).**
- **Hagnýtum leiðbeiningum fyrir dómaraeymi 2018.**
(sjá: <http://www.ksi.is/media/domaramal/Hagnytar-leidbeiningar-fyrir-domarateymi-2016-17-UPPPAERT-Letur.pdf>)
- **Frankvæmd leikja – upplýsingar fyrir dómara 2018.**
- **Reglugerðum móta 2018.**
(sjá <http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/reglugerdir/>)
- **Leiðbeiningum um samstarf dómara og aðstoðardómara.**
(sjá http://www.ksi.is/media/fraedsla/leidbeiningar_um_samstarf_d_og_ad_2005.pdf)
- **Leiðbeiningum um stjórnun í boðvangi.**
- **Hagnýtum upplýsingum fyrir UEFA-dómara.**
(sjá <http://www.ksi.is/media/domaramal/2011-UEFA-Hanytar-uppl-fyrir-domara.pdf>)
- **Leiðbeiningum um samræmda notkun samskiptabúnaðar.**
(sjá <http://www.ksi.is/media/domaramal/Samskiptabunadur.pdf>)

Höfum ávallt í huga að allir þeir sem koma nálægt knattspyrnuleikjum hafa mikilvægum hlutverkum að gegna, þótt ólík séu. Heiðarlegur leikur ("fair play") og gagnkvæm virðing leikmanna, þjálfara, forráðamanna, dómara o.s.frv. fyrir hlutverkum hinna er því lykilatriði.

Það er skoðun Dómaranefndar KSÍ að fari dómara í einu og öllu eftir þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem hér fara á eftir muni það stuðla að bættu samræmi í dómgæslunni þannig að leikmenn, þjálfarar, forráðamenn og áhorfendur viti jafnan að hverju þeir gangi í þeim efnunum.

Að vernda leikmennina

Mikilvægasta hlutverk dómaraeymisins er að vernda leikmennina fyrir grófum leik sem skapað getur þeim hættu. Þegar málið snýst um skeytingarlausan ("reckless") eða heiftarlegan ("excessive force") leik, svo ekki sé talað um ofsalega framkomu ("violent conduct") er brýnt fyrir dómurum að gleyma ekki viðeigandi agarefsingum.

Tæklingar

Þegar metið er hvort leikmaður hafi gerst brotlegur með tæklingu sinni, og þá hvort dæma beri á hann aukaspyrnu/vítaspyrnu, ber dómara m.a. að hafa eftirfarandi í huga:

- Ásetningur eða ekki?
- Hraði, kraftur og ákefð tæklarans.
- Stefna fóta tæklarans og notkun sóla.
- Er tæklingin með jörðu eða á lofti (stjórnlaus) ?
- Möguleika tæklarans til þess að leika boltanum.

Telji dómari leikmanninn hafa gerst brotlegan með tæklingu sinni ber honum einnig að meta hvort agarefsing skuli fylgja:

- Ógætileg tækling = aukaspyrna.

- Skeytingarlaus tækling = aukaspyrna og gult spjald.
- Heiftarleg tækling = aukaspyrna og rautt spjald.

Sérstaka áherslu ber að leggja á að útrýma atlögum leikmanna sem taka ekkert tillit til öryggis og velferðar mótherja, þ.m.t. þegar snerting verður við bæði boltann og mótherja á mikilli ferð. Dómarar verða að grípa ákveðið inn í þegar þeir verða varir við stjórnlausar líkamlegar atlögur sem gerðar eru hugsunarlaust og á mikilli ferð án nokkurs tillits til mögulegra afleiðinga og öryggis mótherjanna. Ef atлага leikmanns stofnar öryggi mótherja í hættu með **heiftarlegri** tæklingu skiptir ekki máli hvort hún komi aftan að, framan að eða frá hlið. **Rautt spjald!**

Skallaeinvígi

Dómurum ber að vera vel á varðbergi gagnvart ólöglegri notkun olnboga/handleggja í skallaeinvígjum.

Oftast má líta svo á að sé handleggurinn beinn og höndin opin (= verkfæri) þá kalli það á gult spjald, en sé handleggurinn boginn og hnefinn krepptur (= vopn) þá kalli það á rautt spjald. Dómurum ber að gefa þessum brotum aukinn gaum og hinir í dómarateyminu þurfa líka að vera vel á verði.

Í raun mætti setja sams konar mælistiku á þessi brot og þegar um ólöglegar tæklingar er að ræða, þ.e. ógætilegt (= aukaspyrna), skeytingarlaus (= aukaspyrna og gult spjald), heiftarlegt (= aukaspyrna og rautt spjald).

Höfuðmeiðsl og grunur um heilahristing

Komi upp grunur um að leikmaður hafi hlotið heilahristing ber dómara að stöðva leikinn þegar í stað (með tilvísun til 5. greinar knattspyrnulaganna) og kalla til meiðslateymi viðkomandi liðs. Miða skal við að meðhöndlun á leikvellingum standi undir eðlilegum kringumstæðum helst ekki lengur en í u.þ.b. þrjár mínútur. Leikmaðurinn fari síðan út af leikvellingum í fylgd meiðslateymisins.

Vegna alvarleika heilahristings má leikmaðurinn einungis koma aftur inn á leikvöllinn eftir að dómari hefur gengið eftir samþykki meiðslateymis viðkomandi liðs (eða forráðamanns í þeim leikjum þar sem ekki er gerð krafa um viðveru sjúkramenntaðra aðila). Mikilvægt er að þessi háttur sé hafður á, svo ákvörðun um leikhæfi viðkomandi leikmanns sé örugglega tekin af þeim aðilum sem bera ábyrgð á heilsu leikmannsins.

Ólögleg notkun handleggja/handa fyrir töku hornspyrna og aukaspyrna nálægt vítateig.

Dómarar skulu vera sérstaklega vel á varðbergi gagnvart því þegar leikmönnum er haldið, við þeim stjakað eða í þá togað innan vítateigs fyrir töku hornspyrna og aukaspyrna nálægt vítateig. Dómurum ber að beita fyrirbyggjandi aðgerðum áður en spyrnan er tekin og sýna það með áberandi hætti með því að aðgreina hlutaðeigandi leikmenn vel og lesa þeim pistilinn. Sjái leikmenn ekki að sér ber dómurum síðan að bregðast við í samræmi við knattspyrnulögin og dæma víta- eða aukaspyrnu, auk þess að beita viðeigandi agarefsingum.

Óíþróttamannsleg framkoma

Dómurum ber að vera sérstaklega á varðbergi gagnvart hvers konar óíþróttamannslegri framkomu og refsu fyrir hana í samræmi við knattspyrnulögin, þ.e. með áminningu og gulu spjaldi. Sem dæmi um óíþróttamannslega framkomu má nefna:

- Leikmenn sem grafa undan valdi dómarsins með því að mótmæla ákvörðunum hans með orðum eða látæði.
- Leikmenn sem gera sér langa ferð til þess að mótmæla ákvörðunum dómara eða aðstoðarmanna hans.
- Leikmenn sem sparka eða bera boltann í burtu eftir að dómari hefur dæmt.

- Leikmenn sem hindra hraðtekningu aukaspyrna með því að stíga fyrir boltann. Leikmönnum ber að koma sér fljótt a.m.k. 9,15m frá tókustaðnum.
- Leikmenn sem með orðum eða látæði krefjast þess að dómari sýni mótherja gula spjaldið.
- Hópögranir – sýna ber að lágmarki einum leikmanni úr hvoru liði gula spjaldið.
- Leikaraskapur/uppgerð – hvar sem er á vellinum.
- Yfirdriffin fagnaðarlæti við markaskorun (klifrað upp á vallargirðingu, peysa sett yfir höfuð o.s.frv.).
- Hópast um dómara. Gerist leikmenn sekir um að hópast um dómara við mótmæli eða til þess að reyna að hafa áhrif á ákvörðun hans (t.d með því að heimta gult eða rautt spjald á mótherja) ber dómara að áminna a.m.k. einn þeirra sem þannig haga sér (oftast þann sem hefur sig mest í frammi). Því til viðbótar ber að áminna hvern þann leikmann sem leggur á sig langa leið til þess að koma mótmælum sínum á framfæri.

Hendi/ekki hendi?

Samkvæmt knattspyrnulögunum teljast leikmenn eingöngu gerast brotlegir ef þeir handleika boltann (með hendi eða handlegg) viljandi.

- Var það boltinn sem fór í höndina/handlegginn? ÓVILJANDI = EKKI LEIKBROT.
- Var það höndin/handleggurinn sem fór í boltann? VILJANDI = LEIKBROT.

Þegar dómari metur hvort leikmaður hafi handleikið boltann viljandi eða ekki ber honum að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Notaði leikmaðurinn hönd sína eða handlegg til þess að snerta boltann viljandi?
- Voru hendur og handleggir leikmannsins í „eðlilegri“ stöðu? Hvað telst eðlileg staða m.t.t. til viðkomandi atviks?
- Var leikmaðurinn að reyna „að gera sig stærri“ með notkun handleggjanna?
- Vegalengdina sem boltinn fór áður en hann lenti í hönd/handlegg leikmannsins.
- Reyndi leikmaðurinn að forðast það að fá boltann í höndina/handlegginn?
- Átti leikmaðurinn möguleika á að forða því að boltinn færi í hönd/handlegg hans?

Þegar dómari stillir upp varnarvegg utan eða innan vítateigslínunnar ber honum að gefa varnarmönnum það skýrt til kynna að lyfti þeir handleggjunum upp yfir höfuð sér við töku aukaspyrnunnar og fái boltann í höndina teljist það vera viljandi aðgerð og þar með leikbrot.

Handleiki leikmaður boltann viljandi við skot að marki, ber auk víta- eða aukaspyrnunnar, að sýna hinum brotlega gula spjaldið (rauða spjaldið ef boltinn hefði annars farið í markið).

Rangstaða

Allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á túlkun rangstöðureglunnar undanfarin ár hafa haft það að markmiði að stuðla að meiri sóknarleik og fleiri mörkum. Engin breyting hefur verið gerð á túlkun reglunnar fyrir keppnistímabilið 2018 og eru lykilatriðin áfram þau sömu:

- Það er ekki leikbrot í sjálfu sér að vera í rangstöðu.
- Leikmanni í rangstöðu er því aðeins refsað taki hann virkan þátt í leiknum, að mati dómara, á þeirri stundu sem boltinn snertir eða er leikið af samherja, með því að:
 1. Hafa áhrif á leikinn.
 2. Truflla mótherja.
 3. Hagnast á þeirri stöðu sinni.

Til þess að meta réttilega hvort leikmaður í rangstöðu uppfylli eitthvert ofangreindra skilyrða um refsiverða rangstöðu er því afar brýnt að dómara og aðstoðardómara temji sér að beita "bíða & sjá" aðferðinni. Einnig er mikilvægt að dómara geti útskýrt með tilvísun til

ofangreindra skilyrða hvers vegna þeir telji viðkomandi leikmann hafa verið í refsiverðri rangstöðu eða hvers vegna ekki:

- a) *Hafa áhrif á leikinn* = að leika (eða gera tilraun til þess að leika) boltanum eða snerta hann eftir sendingu eða snertingu samherja.
- b) *Trufra mótherja* = að hindra mótherja í því að leika boltanum, eða vera fær um að leika honum, með því að vera greinilega fyrir í sjónlínu mótherja, með því að hindra för mótherja eða með því að sækja að mótherja til þess að reyna að vinna boltann.
- c) *Hagnast á þeirri stöðu sinni* = að leika bolta sem:
 - I. hrekkur til hans eða tekur stefnubreytingu til hans af markstöng, þverslá, meðlim dómarateymisins eða mótherja, eftir að hafa verið í rangstöðu.
 - II. sem tekur stefnubreytingu, hrekkur eða er leikið til hans eftir viljandi björgun mótherja (eða tilraun mótherja til björgunar).Leikmaður í rangstöðu sem fær boltann til sín frá mótherja, sem leikur knettinum viljandi (nema eftir viljandi björgun), telst ekki hafa hagnast á þeirri stöðu sinni.

Þessi fyrirmæli um túlkun rangstöðureglunnar hafa það í för með sér að dómara mega alls ekki treysta sjálfkrafa á réttmæti merkjagjafar aðstoðardómarans um rangstöðu hverju sinni heldur verða þeir að vera reiðubúnir til þess að meta sjálfir hvort hinn rangstæði leikmaður hafi verið í refsiverðri rangstöðu eða ekki.

Við mat á rangstöðu ber ekki að taka tillit til afstöðu handleggja leikmanna innbyrðis, hvort sem um er að ræða sóknarmenn, varnarmenn eða markverði.

Fjórði dómariinn

Fjórði dómariinn (þar sem hann er við störf) er mikilvægur hlekkur í dómarateyminu. Einbeiting hans á sem mest að snúa að því sem fram fer inni á leikvellingnum sjálfum í þeim tilgangi að hann geti orðið dómariinn að sem mestu gagni við sjálfa dómgaesluna (ábendingar um leikbrot, áminningar, brottvísanir, markaskorara o.s.frv.). Á meðan á leik stendur skal hann koma fram af virðingu fyrir mikilvægi starfa þjálfara og forráðamanna og öðlast þannig virðingu þeirra á mótí. Ítarlegar leiðbeiningar um hvernig honum ber að haga störfum sínum er nú að finna í sjálfum knattspyrnulögunum, hagnýtum leiðbeiningum fyrir dómarateymi og leiðbeiningum um "Stjórnun á boðvangi" (Craig Pawson, mars 2018).

Viðbótartími

- **Viðbótartími.** Þegar viðbótartími er reiknaður skal farið upp í næstu heilu mínútu (þ.e. 1,25 mín. jafngildir 2,00 mín.). Dómara verða að virða þau fyrirmæli að flauta leikinn ekki af fyrr en að viðbótartímanum öllum loknum (þ.e. ekki flauta leikinn af þegar t.d. einungis 1,45 mín. er lokið af þeirri 2ja mínútna viðbót sem ákveðin var).
- **Viðbótartími (flautað af).** Dómara skulu flauta leikinn af þegar leiktíma (og viðbótartíma) er lokið, með 3-4 sekúndna sveigjanleika, ef enginn aukatími fór forgörðum í "viðbótartímanum". Hins vegar ber þeim að láta "rætast úr" auka- eða hornspyrnu sem dæmd er áður en viðbótartímanum er lokið, sér í lagi ef brotið kallar á gult eða rautt spjald (með sama hætti og ef um vítaspyrnu er að ræða í lok leiks).

Búnaður leikmanna

Dómurum ber að fylgja eftir af festu fyrirmælum knattspyrnulaganna þess efnis að leikmönnum sé óheimilt að bera hvers konar skartgrip (hálsmen, hringa, armbönd, eyrnalokka, leðurólar, gúmmíteygjur o.s.frv.). Notkun límbands (plástra) til þess að hylja skartgrip telst ekki fullnægjandi.

Þá ber dómurum jafnframt að ganga úr skugga um að síðerma nærskyrtur sem leikmenn klæðast undir stuttermapeysum og undirbuxur, stuttar eða síðar, sem þeir klæðast undir stuttbuxum séu í sama meginlit og stuttermapeysan eða stuttbuxurnar.

Límbönd, teygjur eða annað efni, sem notað er utan á sokkana, verður einnig að vera sama meginlitar og sá hluti sokkana sem það hylur (er notað á). Séu stuttsokkar notaðir utan yfir sokkana skulu þeir vera sama litar og sjálfir sokkarnir (hvort sem leistarnir eru klipptir af eða ekki). Leikmönnum er þó heimilt að klæðast "uppháum" skóm sem eru með áfasta ökklassokka af öðrum lit en sokkar liðsins.

Að ræna upplögðu marktækifæri (RUPL)

Refsa ber fyrir nokkur RUPL brot innan vítateigs með gulu spjaldi – rauða spjaldið er áfram sýnt fyrir: hendi, leikmanni haldið, í hann togað, honum hrint, eða þegar ekki er gerð tilraun til eða ekki er mögulegt að leika boltanum.

Stjórnun á boðvangi

Knattspyrnulögin heimila þjálfara eða forráðamanni, sem skráður er á leikskýrslu, að koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri við lið sitt á meðan á leik stendur. Leikrænar leiðbeiningar þjálfarans eru mikilvægur hluti leiksins og því verða allir leikaðilar að laga sig að anda þess ákvæðis laganna. Þjálfari/forráðamaður má standa við hlið varamannabekkjarganga og fara utar í boðvanginn til að gefa leikrænar leiðbeiningar án sérstakra tímatakmarkana, en þó aðeins einn aðili í einu.

Í 5. grein knattspyrnulaganna segir m.a. að dómari:

- grípur til aðgerða gegn forráðamönnum liðs sem ekki haga sér með ábyrgum hætti og getur að eigin mati vísað þeim frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans.
- sér um að enginn komi inn á leikvöllinn sem ekki hefur til þess heimild.
- sendir viðkomandi yfirvöldum leikskýrslu, sem hefur að geyma upplýsingar um hvers kyns agarefsingar sem leikmenn og/eða forráðamenn liðs voru beittir, svo og um önnur atvik sem áttu sér stað fyrir leik, meðan á leik stóð eða eftir leik.

Í knattspyrnulögunum segir enn fremur m.a. eftirfarandi um boðvanginn:

- Aðeins einn aðili í einu má koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri.
- Þjálfari og aðrir forráðamenn liðsins skulu halda sig innan marka hans, nema í sérstökum tilvikum, t.d. þegar sjúkraþjálfari eða læknir fer inn á leikvöllinn með leyfi dómarsins til að meta meiðsli leikmanns.
- Þjálfari og aðrir sem eru á boðvangi skulu koma fram á ábyrgan hátt.

Í knattspyrnulögunum segir enn fremur m.a. eftirfarandi um fjórða dómari:

- Hann hefur vald til að láta dómari vita um óviðeigandi framkomu þeirra sem eru á boðvangi.

Athuga skal að þrátt fyrir að læknir eða sjúkraþjálfari hafi fengið brottvísun þá mega þeir samt sem áður koma inná leikvöllinn til að hlúa að meiddum leikmönnum. Þeir mega hins vegar ekki sitja á varamannabekk eftir brottvísunina.

Þó það sé fyrst og fremst í höndum aðstoðardómara 1 (eða fjórða dómara þar sem það á við) að framfylgja fyrirætlunum laganna um ábyrga hegðun þjálfara/forráðamanna á boðvangi er það þó alltaf dómari sjálfur sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Dómaranefnd KSÍ ætlast til þess að dómara framfylgi skilyrðislaust ákvæðum knattspyrnulaganna um ábyrga hegðun á boðvangi. Þannig sé þeim þjálfurum og forráðamönnum, sem ekki hafa sér með ábyrgum hætti, vísað frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans og mega þeir eftir það ekki hafa samskipti við lið sitt út leiktímann.

Ferill agarefsinga vegna óábyrgrar hegðunar:

1. Aðstoðardómari 1 (eða fjórði maður þar sem það á við) veitir hinum brotlega tiltal við fyrsta brot. Tiltalið telst þannig jafnframt veitt öllum þeim sem tilheyra viðkomandi boðvangi (þ.e. þjálfara, forráðamönnum og einnig varamönnum viðkomandi liðs).
2. Dómari sýnir síðan hinum brotlega þjálfara/forráðamann gult spjald (áminning) við annað brot.
3. Dómari vísar síðan hinum brotlega frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans við þriðja brot. Til merkis um það sýnir dómari viðkomandi rautt spjald (brottvísun).
4. Feli fyrsta eða annað brot viðkomandi hins vegar í sér “ofsalega framkomu” eða “særandi, móðgandi eða svívirðilegt orðbragð og/eða látbragð” skal dómari vísa hinum brotlega frá leikvöllinum (brottvísun-rautt spjald) og næsta umhverfi hans þegar í stað í samræmi við 12. grein knattspyrnulaganna um brot sem leiða til brottvísunar. Sama gildir ef viðkomandi “fer inn á leikvöllinn án leyfis dómara”.

Óábyrg hegðun:

Eftirfarandi hegðun þjálfara/forráðamanna telst vera óábyrg og fyrir hana skal þeim vísað frá leikvöllinum og næsta umhverfi hans:

- Ofsaleg framkoma (brottvísun - rautt spjald strax).
- Notar særandi, móðgandi eða svívirðilegt orðbragð og/eða látbragð (brottvísun – rautt spjald strax).
- Fer inn á leikvöllinn án leyfis dómara (brottvísun-rautt spjald strax).
- Fer aftur út fyrir boðvanginn eftir að hafa fengið athugasemd við það (tiltal, gult spjald, rautt spjald).
- Kemur á framfæri mótmælum við dómara, aðstoðardómara eða fjórða dómara í orði eða látæði (tiltal, gult spjald, rautt spjald).
- Kemur á framfæri mótmælum við fólk í hinum boðvanginum, lið mótherja eða áhorfendur með neikvæðum eða dónalegum hætti í orðum eða látæði (tiltal, gult spjald, rautt spjald).

Gult spjald

- Fjórði dómari lætur dómara vita ef einhver á boðvangi gerist sekur um óábyrga hegðun.
- Eigi þetta sér stað á meðan ‘leikur er í gangi’ er skilaboðunum komið á framfæri við næstu hentugu stöðvun leiksins (oftast nær þegar boltinn fer næst úr leik).

- Dómarinn bíður með að flauta leikinn á að nýju og veitir viðkomandi formlega aðvörun (áminningu – gult spjald).

Gult spjald – Dæmi

- Óviðeigandi orðbragð og/eða látbragð sem beint er að meðlimi dómarateymisins og felur í sér augljós mótmæli eða tilraun til þess að hafa áhrif á ákvörðun dómara;na;
- Að sparka eða kasta vatnsflösku, úlpum eða þess háttar sem augljóslega felur í sér mótmæli;
- Kaldhæðið lófatak og/eða látæði sem er til þess ætlað að gera lítið úr valdi dómara;na;
- Að færa sig yfir í boðvang mótherjanna með óviðeigandi hætti;
- Að veifa ímynduðu gulu/rauðu spjaldu.

Rautt spjald

Ef einstaklingur á boðvangi annað hvort:

1. Virðir hegðunarreglurnar ítrekað að vettugi eða heldur áfram að gerast sekur um óábyrga hegðun eins og henni er lýst á 1. stigi eftir að hafa áður fengið formlega áminningu (gult spjald) frá dómara;num,
 2. Gerist sekur um stakt tilfelli alvarlega óábyrgrar hegðunar sem að mati 4. dómara;ns er alvarlegra en svo að formleg áminning (gult spjald) geti talist fullnægjandi.
- dómarinn gerir dómara;num viðvart og mun hann þá, við næstu hentugu stöðvun leiksins, sýna viðkomandi rauða spjaldið og vísa honum frá boðvanginum á það svæði sem mótareglur heimila (upp í áhorfendastúku eða -svæði). Eigi þetta sér stað í hálfleik (eða hálfleik framlengingar) er viðkomandi tilkynnt að hann megi ekki koma sér fyrir að nýju á boðvangi.

Rautt spjald - Dæmi

- Ógnandi framkoma við meðlim dómarateymisins eða aðra einstaklinga á boðvangi;
- Að sparka eða henda vatnsflösku eða öðrum hlut viljandi inn á leikvöllinn;
- Að sparka eða henda vatnsflösku eða öðrum hlut á hættulegan hátt;
- Að yfirgefa boðvanginn greinilega eða viljandi til þess að koma mótmælum á framfæri við einhvern meðlima dómarateymisins;
- Að yfirgefa boðvanginn og athafna sig með ögrandi eða árásargjörnum hætti;
- Að fara inn á leikvöllinn til þess að bjóða dómara;num birginn á meðan á leik stendur, í hálfleik eða í leikslok, eða hvenær sem er á meðan á vítaspyrnukeppni stendur;
- Að nota smánarlegt, dónalegt og/eða móðgandi orðbragð gagnvart dómara;teyminu eða öðrum þeim sem eru á eða við boðvanginn, leikmönnum eða áhorfendum;
- Að fara yfir í boðvang mótherjanna til þess að bjóða einhverjum þar birginn;
- Að tefja leikinn með því að grípa boltann, láta hann ekki frá sér eða sparka honum í burtu;
- Að gerast sekur um hvers konar ofsalega framkomu.

